



Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund Origo hf.

3. mars 2022

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið rekstrarár

Hjalti Þórarinnsson stjórnarformaður mun kynna skýrslu stjórnar.

2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði staðfestur.

Ársreikningur félagsins er aðgengilegur á heimasíðu félagsins;

<https://www.origo.is/um-origo/fjarfestar> og <https://www.origo.is/um-origo/adalfundur>

Forstjóri félagsins, Jón Björnsson, mun kynna ársreikning Origo hf. 2021.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að hagnaður ársins verði færður á óráðstafað eigið fé og að ekki verði greiddur arður til hluthafa.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og fyrir setu í undirnefndum

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins að laun stjórnarformanns verði kr. 660.000 á mánuði og laun annarra stjórnarmanna verði kr. 330.000 á mánuði.

Þá leggur stjórn til við aðalfund félagsins að þóknun fyrir setu í undirnefndum verði að laun formanna undirnefnda séu kr. 100.000 á mánuði og annarra nefndarmanna kr. 65.000 á mánuði. Undirnefndir stjórnar eru endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd, tækninefnd og tilnefningarnefnd.

Utanaðkomandi nefndarmenn fá greitt samkvæmt tímagjaldi, sem miðast við markaðskjör.

4. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu

Stjórn félagsins leggur til að óbreytt starfskjarastefna félagsins frá fyrra ári verði samþykkt. Óbreytt starfskjarastefna er aðgengileg á heimasíðu félagsins; <https://www.origo.is/um-origo/adalfundur>



5. Kosning stjórnar félagsins, sbr. grein 5.1 í samþykktum félagsins

Tilnefningarnefnd Origo hf. er undirnefnd stjórnar og var skipuð árið 2020. Tilgangur tilnefningarnefndar er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn félagsins á aðalfund. Með tilkomu nefndarinnar er áhersla lögð á að auka gagnsæi í kjöri stjórnarmanna í samræmi við góða stjórnarhætti. Nefndin metur frambjóðendur til stjórnar og tilnefnir með áherslu á viðeigandi fjölbreytt hæfni, reynsla og þekking sé fyrir hendi hjá stjórnarmönnum og stjórn.

Hanna María Jónsdóttir, formaður tilnefningarnefndar mun kynna skýrslu tilnefningarnefndar Origo hf. sem birt er á heimasíðu félagsins samhliða fundarboði til aðalfundar; <https://www.origo.is/um-origo/adalfundur>

6. Kosning endurskoðanda, sbr. grein 10.1 í samþykktum félagsins

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

7. Tillaga stjórnar um skipan tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins tillögu um staðfestingu á skipan tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Tillaga stjórnar er að Hanna María Jónsdóttir verði áfram nefndarmaður tilnefningarnefndar og að Hilmar Garðar Hjaltason verði skipaður nefndarmaður í tilnefningarnefnd.

8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga

9. Tillaga stjórnar um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum (sem er samhljóða heimild þeirri sem samþykkt var á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 4. mars 2021) verði samþykkt:

„Aðalfundur Origo hf. þann 3. mars 2022 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftár á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess. Tilgangur kaupanna er að i) koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. Með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutabréfin fara



fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116 gr. Laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3 mgr. 115 gr. og 2. mgr. 119 gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55.gr. laga nr. 2/1995. Eldri heimild fellur niður.“

10. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Stjórn Origo hf. leggur til við aðalfund félagsins að heimild stjórnar samkvæmt grein 15.1 í samþykktum félagsins til að hækka hlutfé félagsins verði endurnýjuð, þó þannig að fjöldi hlutabréfa verði lækkaður úr kr. 150.000.000 að nafnverði í kr. 30.000.000 að nafnverði. Þannig er lagt til að svohljóðandi ný grein 15.1 verði samþykkt:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins í einu lagi eða í áföngum um allt að kr. 30.000.000 að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forkaupsrétti sínum samkvæmt 34. gr. hlutfélagalaga. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark.“

Stjórn leggur einnig til að heimild stjórnar samkvæmt grein 15.2 í samþykktum félagsins til þess að hækka hlutfé félagsins verði felld á brott úr samþykktum félagsins enda er gildistími heimildarinnar liðinn. Núverandi grein 15.3 verði eftirleiðis grein 15.2 í samþykktunum.

Í samræmi við framangreint er lagt til að stjórn verði heimilt að uppfæra samþykktir félagsins í samræmi við framangreindar tillögur eftir því sem þær verða samþykktar.

11. Önnur mál